

Hjarðarból

Formálsorð:

Ég undirritaður heimildarmaður að skrásetningu eftirskráðra örnefna á jörðinni **Hjarðarbóli** í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, er þar fæddur 29. ágúst 1907.

Foreldrar mínir, Ragnheiður Benediksdóttir og Kristján Þorleifsson, ásamt Páli Þorleifssyni, föðurbróður mínum, eignuðust jörðina um aldamótin 1900, en 1922 keypti Páll alla jörðina og við fluttum burt og ég fór alveg úr hreppnum 1930.

Nú í dag 1981 er tímans tönn og vélvæðing í íslenskum landbúskap búið sameiginlega að fella niður til grunna og tortíma öllum húsum og bænum sjálfum og bæjarhólnum, sem er ekki nema svipur hjá sjón. Hestatraðirnar orðnar að bílvegi og hólskollurinn sléttaður út sem bílastæði og við hann stendur nýr og fallegur sumarbústaður, sem er ásamt jörðinni eign afkomenda Páls föðurbróður míns.

Það eru því margar flatir, sem ég tel upp í örnefnaskrá minni, horfnar í vélatúnræktina og merki ég þær með + merki.

Örnefni koma með kynslóðum og hverfa og gleymast aftur með gengnum kynslóðum.

Á Hjarðarbóli eru engir álagablettir, enginn álfasteinn eða huldufólksborgir, því síður nokkur skuggaseiður. Allt er þar bjart, fagurt og friðsælt

Þar er bjart og vítt til veggja,
fjallahringur til handa beggja.
Sólin sést þar snemma rísa
og haflötinn að kveldi lýsa.

Þeir sem þar hafa dvalið lengri eða skemmri tíma þrá að mega koma þangað aftur, sem oftast. Staðurinn gefur afslappandi kyrrð og seiðmagnaða þrá, vellíðan og bætandi áhrif á alla. Þennan formála hef ég ekki lengri og reyni hér á eftir að raða frásögn minni þannig niður, að koma megri að sem mestu gagni, til að átta sig á örnefnaheitum og staðhátum. Þá er mínum tilgangi náð.

Reykjavík, 10. mars 1981.

Karl Þorleifur Kristjánsson

Formálssaga Hjarðarbóls

Það er lítið vitað um formálssögu Hjarðarbóls, en nafnið bendir til um að þar hafi upphaflega verið staðið yfir og bældar fjárhjarðir.

Gamlar munnmælasögur aftan úr grárri forneskju vilja herma, að þá hafi búið sauðabændur á Hallbjarnareyri og Þórdísarstöðum, sem eru norðan og norðvestan við Eyrarfjall. Flæðihætta er mikil á báðum ofangreindum bæjum. Þess vegna hafi búsmalar þessara bænda verið látnir reka féð og bæla það á Hjarðarbóli, sem var miðsvæðis frá báðum þessum bæjum. Hafi þá smalar, sem aðrir karlmenn, gengið daglega með vopn. Á móabardi norðan og austan við túnið á Hjarðarbóli er gamall dys, sem sagt er að sé smaladys Þórdísarstaðasmalans en dys Eyrarsmalans sé upp á Skarðsgötu á Hyrnnuni. Þeim muni hafa sinnast illa, orðið sundurorða og gripið til vopna og borið hvor á annan, með ofangreindum afleiðingum. Seinna auðkenni ég dysin í stafrófsröð með E og Þ.

Hvenær jörðin hefur orðið búsetujörð og bændaeign er ekkert vitað um, framan af öldum, en allt bendir til þess, að jörðin hafi aldrei verið kirkju- eða konungseign, sem meiripartur allra jarða var þá.

Í manntali Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1702, sem er fyrsta manntal þjóðarinnar, er greint frá að tveir bændur með 9 manns í heimili búi á Hjarðarbóli. Í jarðarbók gefinni

út af sömu ofanrituðum mönnum 1709, er jörðin metin á 16 hundruð dýrleika og eigendur skráðir Magnús Jónsson að XI hluta og Hallvör Jónsdóttir að V hluta hennar. Tekið er fram, að Bæjargilið valdi skaða með sandskriðurennslis í vorleysingum í slægjulönd.

Í sýslu- og sóknarlýsingum 1840 eftir síra Einar Sæmundsson, Setbergi, er Hjarðarból sagt 16 hundruð að dýrleika og í bændaeign.

Aftur jarðarmat 1849-50, er þá eigandi jarðarinnar og búinn að eiga hana lengi, Eggert Vigússon Fjelsted, með 9 manns í heimili og aftur tekið fram um skaða á slægjulönd vegna sandskriðurennslis úr gilinu í vorleysingum. Þetta munu vera Eyrarnar, sem ég lýsi hér á eftir.

Jarðamat 1916-1918. Eigendur jarðarinnar bræðurnir Kristján og Páll Þorleifssynir til helminga hvor, eins og getið er áður í formálsorðum mínum. Pabbi búandi bóndi, en Páll lausamaður. 12 manns í heimili. Jörðin metin með húsum og jarðabótum kr. 3.500.

Þá tel ég mig vera búinn að færa rök fyrir upphafsorðum mínum í formálsögu Hjarðarbóls, að jörðin hafi alla tíð verið í bændaeign.

Hér á eftir get ég um fjallahringinn á Hjarðarbóli, svo landamerki jarðarinnar, þá eyktarmerki og tal- og málvenjur milli bæja. Síðast skipti ég landareigninni í 12 kafla, svo hægara sé að átta sig á örnefnum og staðarheitum, svo að gagni megi koma fyrir ókunnuga að átta sig á.

Reykjavík í mars 1981,
Karl Þorleifur Kristjánsson.

Fjallahringurinn á Hjarðarbóli

Bjarnarhafnarfjall og Rauðakúla (austur)

Múlarnir og Botnafjöll (suður)

Lambahnjúkur, Klakkur, Kúla (vestur)

Steinahlíð og Hyrnan öll (norður)

(Bjarnarhafnarfjall 496 m, Múlarnir 427 m, Botnafjöll 1073 m, Lambahnjúkur 568 m, Klakkur 380 m og Eyrarhyrna 352 m).

Skýringar á Steinahlíð og Hyrnunni (eða Eyrarfjalli/Eyrarhyrnu). Frá Hjarðarbóli séð eru þetta tvö fjöll með grösugu dalvarpi á milli sín, sem heitir **Kálfadalur** og upp úr þeim dal norðaustan megin er **Skarðsgatan**, þar sem dys Eyrarsmalans er. Þetta er stór grjóthóll og er getið um hann í formálssögu Hjarðarbóls. Gamlar kvaðir fylgja að kasta steini að dysinu um leið og farið er yfir skarðið, sem styttir mikið leiðina yfir Hyrnuna niður að Eyri eða Eyrarplássi.

Steinahlíðin er vestan megin Kálfadals, með móbergsklettakraga framan á sér, sem heitir **Steinahlíðarhaus**.

Austan megin Kálfadalsins er **Hyrnan**, sandskriðufjall, belglað, og breiðir úr sér upp í mitt fjall, úr því fer að ganga saman og snarmjókkar upp í spírulagaða strýtu eða keilu í toppinn (eins og horn).

Framan frá (þ.e. frá Eyri) er fjallið heilt, samstandandi og heitir Eyrarfjall 352 m hátt.

Landamerki Hjarðarbóls

eru ágreiningslaus, gömul, skír, og hrein, sem elstu menn muna eftir. Vísast til landamerkjaskrár 16. júní 1884 og 10. júní 1885 hjá Sýsluskrifstofu Snæfellnessýslu.

Sunnan megin milli Eiðis og Hjarðarbóls er Marksgil milli fjalls og fjöru. Vestan megin milli Bárar og Hjarðarbóls er það Tröllagil sem skiptir löndum milli þessara bæja, svo austan við Bárargil og norðan við Kúlurnar, er klettastapi, sem heitir Grásteinn og niður af honum er lækur, sem heitir Kaldilækur og rennur niður í Innrvatnið, sem Hjarðarból á land að. Norðan megin milli Hjarðarbóls og Hallbjarnareyrar er Hjarðarbólsá, sem kemur úr Innrvatni og rennur til sjávar og ræður þar landamerkjum. Austan megin er svo Kolgrafafjörður.

Eyktarmörk á Hjarðarbóli

Dagmál kl. 9 – Múlarnir

Miðdagur kl. 12 – Botnafjöll

Nón kl. 15 – Lambahnjúkur

Miðaftann kl. 18 – Klakksöxl (varðan)

Málvenjur milli bæja

Við sögðum: Upp að Eiði. Það á Eiði sagði: Niður að Hjarðarbóli.

Við sögðum: Út að Bár. Það segir: Inn að Hjarðarbóli.

Við sögðum: Niður að Hallbjarnareyri. Það sagði: Upp að Hjarðarbóli.

Hér hluta ég niður landareignina í 12 kafla

1. Bærinn, túnið og Kjóamýri.
2. Stöðull og Húsatún.
3. Stekkjabörðin.
4. Klakkur, austan megin frá.
5. Markið, Marksflói, Heimriflóí.
6. Eyrarnar, Mómýri, Móholt.
7. Oddaholt, Oddabörð og Árbrekkur.
8. Hjarðarbólsoddi.
9. Klakkur, suður og vestur af Kúlum.
10. Kúlan, upp frá bænum og út í Lágkúlur.

11. Grásteinn, Vatnamýri, Sauðból, Rauðaskriða.

12. Barðið, dysið, Siggahús, Berjamóar að Rauðuskriðu.

Hjarðarból

1. kafli – Bæjarhóll, túnið og Kjóamýri.

Bærinn stendur undir lágu en fallegu fjalli, sem gengur út frá Klakk og heitir Kúla. Bærinn stendur á háum hól, sem **Bæjarhóll** (1) heitir og er í miðju túni. **Bæjargil** (2) kemur úr tveimur giljum frá Klakk og Kúlu og sameinast í eitt og rennur spölkorn sunnan við bæinn og niður á Eyrar og í **Hjarðarbólsá** (3) meðfram bæjargilinu, sem daglega er kallað Gilið.

Túnmegin er sléttur og grösugur bakki, sem heitir **Gilsbakki** (4). Reiðvegurinn lá í gegnum mitt túnið og vel hlaðnar **Hestatraðir** (5 +) frá gílinu að hólnum. Þá tók við **Bæjartröðin** (6 +) með föstum **Hestasteini** (7 +) með ígreiptum járnhring.

Túnið var kallað **Upptún** (8) og **Niðurtún** (9). **Efri-Traðarflötin** (10) náði frá Gilsbakka, heim að hólnum. **Móflötin** (11 +) litlu ofar í suðvesturátt á Gilsbakkanum. Norðanvert mót Móflötinni er hóll, sem heitir **Harðihóll** (12), grasrötin er svo þunn á klöpp. Ofar í túninu og í norðvesturátt af Harðahól er hóll, sem heitir **Efrihóll** (13).

Vestan og ofan við Bæjarhól var lítil og falleg flöt, sem hét **Stórfiskaflöt** (14 +), þar sem oft var mikið fjör og hlaup. Upp af Stórfiskaflöt komu tvær flatir með litlu millibili upp að Kúlunni og hétu **Lönguflatir** (15 +). Norðan af þeim fast með Kúlurótum kom **Kúluflát** (16 +). Í suðvesturátt og efst á Gilsbakkanum er **Gvendarflöt** (17). Þar var sléttaður út húskofi, sem hét þess nafni er þar bjó og flötin hélt nafninu. Nyrst í túninu er **Húsahóll** (18), sem sléttaður var út úr gömlum skepnuhúsum, sem búið er að flytja suður fyrir Gil og heitir nú Húsatún.

Niðurtún.- Neðan og austan við tröðina kom **Neðri-Traðarflöt** (19) og niður og austur af Bæjarhólnum kom **Garðflötin** (20 +). **Kálgarðurinn** (21 +) var fluttur upp í hólshallann og hlaðinn varnargarður fram með honum, en garðrústin sléttuð út. Í hallanum austur af

Traðarflötinni kemur vatnsæð undan fjallinu, sem kölluð er **Lindin** (22) og rennur í læk niður á Eyrar í Gilið. Sunnan við þennan læk er stór og mikil rúst, sem ekkert hét, en við bræðurnir gerðum þar út skipin okkar og kölluðum hana **Skipanaust** (23 +). Þarna var gert út í þykjustunni og Eyrarnar hafðar fyrir hafsjó og mið tekið af klettum, giljum og fjallatindum. 1981 er þarna kálgarður bóndans.

Neðst í niðurtúninu er rúst - gömul mótóft, - sem heitir **Siggatóft** (24).¹ Norður af Garðflötinni er komin stór flöt. Neðan götu og norður í túnið heitir **Föstuflöt** (25), sú flöt var gerð á lönguföstu 1932. En norðaustur af Niðurtúninu er smámýri niður á árbakkanum, sem heitir **Kjóamýri** (26), þar urpu kjóahjón og vörðu sitt vígi, svo þar var alltaf kafgras og strax og þau yfirgáfu hreiðrið var mýrin slegin.

2. kafli – Stöðull og Húsatún.

Sunnan Gilsins á bakkanum og milli Húsalækjarins, er sléttur uppgróinn rani, sem heitir **Stöðull** (27). Þar voru kýrnar mjólkaðar kvölds og morgna á sumrin, en litlu ofar á Gilsbakkanum var **Fjárréttin** (28) og ca. 25 m í suðvesturátt frá réttinni og upp að Klakkshlíðinni er risastór og hár þúfnakargi, en í miðju hans er sléttur bali, sem heitir **Hornabali** (29). Þar var unnið, mótað og leikið af list. Smækkað þjóðfélag í barnslegri gleði. Litlu sunnar og neðar kom kaldavarsla undan Klakk, sem heitir **Húsalækur** (30). Á hlið við Stöðulinn var reist hús yfir lækinn, **Brunnhús** (31). Það var vatnsbrunnur, ef Gilið fór undir snjó- og klakabönd. **Húsatúnið** (32) er sunnanvert við Gilið og Húsalækinn. Þar eru öll útihúsin í röðum hvert við annað og heystæður meðfram þeim. Milli húsanna og Skriðunnar er sléttur bali, sem heitir **Húsabali** (33). Hesthúsin gengu upp í móana. Nær Stekkjabörðum og milli gömlu hesthúsanna var stór grágrýtissteinn, sem heitir **Hrossasteinn** (34), þótti klárum gott að klóra sér við hann. Nú 1981 stendur hann einn, sem minnisvarði um liðna og horfna tíð.

3. kafli – Stekkjabörðin (35),

eru uppgróin melabörð, sem liggja suður og meðfram Klakksrótum, ofan við flóana báða og liggur vegurinn meðfram þeim. Upp á börðunum er samfelldur harðvellisgróður og

¹ Í texta K.Þ.K. stóð Siggaföt en í stafrófsskrá Siggatóft. J.H.

sléttlendi, en framan á börðunum eru graslautir og lynggeirar á milli. Tvö malarnef skerast lengst fram úr þeim og heita **Heimranef** (36) og **Fremranef** (37). Vegurinn liggur um þessi nef og er hann í hvarfi á milli þeirra, þar kallast **Millinefja** (38). Uppi á börðunum, efst, nyrst og heimast, er **Stekkurinn** (39), sem sést vel, en enginn veit um sögu hans né aldur. Svölitlu sunnar kemur **Hestálág** (40). Hún er rúmgóð og djúp og stóðu hestar af sér illveður þar. Dálítið sunnar og heiman við Fremranefið er grunn og löng uppgróin lág, sem heitir **Heimrilág** (41). Sunnan við Fremranefið og rétt ofan við veginn er þröng og djúp grösug lág, sem heitir **Peningalág** (42). Forngamla sagnir herma að þar muni hafa verið grafnir peningar í jörðu og einn góðviðrisdag hafi bóndinn, sem bjó á bænum beint á móti láginni austan megin Kolgrafafjarðar, farið að grafa af miklum móð í þessari lág. Er hann var kominn í hnédýpt, sér hann hvar bærinn hans stendur í björtu báli. Hljóp hann þá frá öllu saman. En holan og uppgröfturinn er merkjanlegt enn í dag.

Peningalág sést ekki að heiman frá Hjarðarbóli.

4. kafli – Fjallið **Klakkur** (43), að austan frá.

Klakkur er 380 m yfir sjávarmáli. Það má heita ein grágrýtisskriða frá toppi niður á fótborð flóans og Stekkjarbarðanna. Hæst og efst er skarð, sem heitir **Klakksskarð** (44) og skiptir fjallinu í **Syðri-Klakk** (45) Eiðismegin og **Nyrðri-Klakk** (46) Hjarðarbólmegin. **Marksgil** (47) á þar upptök sín og rennur til sjávar, eins og fyrr er sagt. Á Markgilsbarmi dálítið hátt uppi í Klakksskriðum er brattur grasgeiri, vaxinn stóru og grófu krækjuberjalyngi og þar spretta afar stór krækjuber. Geiri þessi heitir **Berjageiri** (48). Ofanlega og hátt upp af Stekkjarbörðunum er stór hár og myndarlegur grágrýtisklettadrangur, keilulagaður, sem heitir líka **Klakkur** (49), því hann situr þarna utan í fjallinu eins og klakkur á klifbera, og dregur fjallið eflaust nafn sitt af honum. Neðar og norður dálítinn spöl upp af Stekkjarbörðum er grasbrekkugeiri, sem heitir **Flekkugeiri** (50). Í fjárhjörð okkar var móflekktót ær, mesta fjallageit, er kom alltaf tvisvar á sumri til að gista í Flekkugeira 1-2 daga í senn. Þessu hélt hún alla sína tíð en engin önnur kind, nema lambið hennar, gerði það sama.

5. kafli – Markið, Marksflói, Heimriflói.

Markið (51) er gömul skriða úr fjallinu, en nú uppgróin fögur fjallshlíð, sem nær niður að **Marksflóa** (52). Sá flói er lágþýfður greiðfær brokflói og nær niður á sjávarbakka og upp undir Fremranef. Þar tekur við **Heimriflói** (53) og niður og austur af nefinu er holt, sem heitir **Fremraholt** (54). Þaðan sést heim að bænum, en flóinn nær heim að Eyrinum og niður að Oddalæk. Neðan og austan við Fremraholt er **Grænhóll** (55); skrudgrænn og fagur og er eflaust gamalt sauðhagahús, frá fyrri öldum. Austan og neðan við Grænhól er **Langholt** (56), sem er ein holtasamstæða suður á Bakka. Heimast og nyrst í flóanum er holt, sem heitir **Heimraholt** (57).

6. kafli – Eyrarnar, Mómýri, Móholt.

Eyrarnar (58) eru austur og niður af túninu, eflaust gamalt framrennsli úr vorleysingum úr gilinu. Þær eru nú uppgrónar og að mestu sléttar. Syðst og efst niður af Húsatúninu er **Skriðan** (59) þakin kornsúru og niður af henni **Eyarlækur** (60), síðan **Eyragata** (61) og nyrst og neðst næst ánni **Bugur** (62), gamalt jarðfall frá ánni upp í Eyrarnar. Neðan og austan við Eyrarnar kemur **Mómýrin** (63) og austan við og meðfram henni koma Móholtin, **Syðra-Móholt** (64) og **Nyrðra-Móholt** (65). Þar var mórinn þurrkaður milli þessara holta. Austan við þau er aðeins íhvolft kringlótt mýrardrag, sem heitir **Kringlumýri** (66) eða **Hörðumýri** (67), því mórinn var svo harður og kolaígildi, en alveg útgrafið í okkar tíð. Aðalmótakið var góðar 4 skóflustungur af góðum, kvistóttum viðarmó.

7. kafli – Oddaholt, Oddabörð, Árbrekkur.

Austan við Móholtin koma **Oddaholtin** (68). Þau eru leirholt með lynggeirum og ná suður að **Oddalæk** (69), sem rennur í Oddatjörn, en neðar koma **Oddabörðin** (70), **Oddabrekkur** (71) og **Oddagata** (72).

Oddabörðin eru samgróin af lyngmóum og harðvellisbrekkum. Liggja þau sunnan frá Oddalæk, norður í **Árbrekkur** (73) og **Árós** (74). Ofan við Árbrekkur koma tveir smáfossar í ánni **Efrifoss** (75) og **Neðrifoss** (76). Sá neðri er dálítið stærri og var oft silungsveiðivon þar síðsumars.

Ofan við fossana gekk út í ána klettasnös dálítið há og áin rann beggja vegna við hana. Hún heitir **Bíldssnös** (77). Bíldur var forystusauður, sem rann á undan heim að réttarvegg í hverri vorsmölun, en stakk sér þá út úr hópnum og húshundurinn Blettur fylgdi honum fast eftir og króaði hann alltaf af á þessari snös. Þar varð að rýja Bíld alla hans tíð.

8. kafli – Hjarðarbólsoddi.

Hjarðarbólsoddi (78) er sléttur gamall sjávarkambur sem er löngu orðinn vallgróinn að mestu leyti, nema sjávarmalarrönd til beggja handa með firðinum. **Oddakampur** (79), **Oddatjörn** (80) fast við Oddabrekkur. **Oddinn** (81), sem er grasigróinn, eins og besta tún, er gott beitiland. Efst í Oddanum er **Oddalág** (82) og **Oddastapar** (83). Fremst og í austurátt er **Oddatá** (84). Þar er eins og Oddinn reki spjót eða spíru út í fjörðinn, gegn öðrum Odda austan megin fjarðar, þar sem heitir Kolgrafaoddi. Um stórstraumsfjöru er þetta örmjótt sund, en afar straumhart. Þar heitir **Á milli odda** (85).

Kolgrafafjörður heitir nú sama nafni bæði fyrir ofan Odda og framan þeirra. Stundum er þó sagt framfjörður og efri fjörður. Í sýslu- og hreppalýsingum 1840 eftir séra Einar Sæmundsson, Setbergi, er þess getið að fjörðurinn norðan og framan Odda hafi heitið áður Hvalafjörður.

Sjávargatan heim að bænum, Hjarðarbóli, er um 1 km.

9. kafli – Klakkur, suður og vestur af Kúlunni.

Klakksöxl (86) gengur í suður frá gilsbotni Kúlunnar og á henni miðri er **Miðaftanvarðan** (87). Miðaftanvarðan var notuð sem eyktarmerki. **Klakksgil** (88) er neðan og austan megin við öxlina og gengur suður í Klakkinn, en austan og ofan við Gilið er afar falleg aðalbláberjabrekka, sem heitir **Klakkskinn** (89). Vestur og upp af öxlinni koma stórsteinóttar klofnar grágrýtishellur, sem heita **Urðir** (90) og upp af þeim er grágrýtisklettabelti, sem hækkar til norðurs og heitir **Urðarhaus** (91), en lengra vestur á fjallið hækkar það í fastara berg og heitir þar **Klakkshaus** (92). Upp á þessari klettaborg er hringlaga tjörn, sem heitir **Klakkstjörn** (93). Það rennur hvorki að tjörninni né frá henni og hún er hyl djúp og sumum finnst marka fyrir vatnsborði um flóð og fjöru.

Það eru gamlir huldutöfrar bundnir við tjörnina. Á henni fljóta miðnættsaugnablikið sérhverja Jónsmessunótt alls konar náttúrusteinar og óskasteinar, sem eflaust marga hefur langað til að höndla. Margir hafa því gert sér ferð á hendur Jónsmessunætur upp að Klakkstjörn. Ekki mátti mæla orð á uppleið og aldrei líta um öxl. Þarna er útsýni og landsfegurð mikil og fer vel á því, að þarna sameinist mesta lífsorka árstíðanna og æskuorka mannlífsins og lifi sameiginlega bjarta og kyrrláta, fagra Jónsmessu júnínótt og gæti af hlotist óskadraumar, lífsþrá og hamingja.

Norðan við Urðarhaus er gil, sem heitir **Tröllagil** (94). Fyrir vestan það eru illfærir grjóthryggir, sem heita **Tröllatungur** (95). Það sameinast í **Bárargil** (96), sem er nefnt í landamerkjalyðingu. Tröllagil og Tröllatunga fá nöfn sín af þröngu, dimmu og illfæru landslagi. Tröllavegi líkust.

10. kafli – Kúlan upp frá bænum út á Lágkúlur.

Kúlan (97) er lækkandi framhald af Klakk. Neðst við túnfótinn eru **Korngarðar** (98), hlaðnir í þrjá stalla, til að draga úr brattanum og varnargarðar til hliðanna meðfram gördunum. Gætu verið frá 1840 eða eldri. Síðan kemur, uppgróin af grasi og berjalyngi, **Kúlubrekkan** (99) upp á brún. Bæjargilið rennur sunnan megin Kúlunnar og kemur undan uppsprettum ofangreindra fjalla. **Kúlugil** (100) á upptök sín í **Gilbotni** (101), en Klakksgilið er neðan og gengur suður í Klakkinn og sameinast þau í Bæjargilið mót **Brattageira** (102), sem er grasgeiri sunnanvert í Kúlunni, beint niður undan **Kúluþing** (103), sem er berjasæt brekka með þremur tegundum berja og er í suðvesturhalla Kúlunnar, en norðan og upp af henni er **Innri-Kúlubrún** (104) og upp af henni til vesturs er **Ytri-Kúlubrún** (105), Suðvestur af henni kemur **Háabrekka** (106) og vestur af henni koma **Mosarnir** (107), lágþýfðar mosapúfur. Norðvestan og neðar kemur **Langabrekka** (108) og norður og niður af henni koma **Lágkúlurnar** (109) niður á holtin.

11. kafli – Grásteinn, Vatnamýri, Sauðból, Rauðaskriða.

Niður og norður af Kúlum er **Grásteinn** (110), og niður af honum er **Kaldilækur** (111), eins og áður er getið í landamerkjalyðingu. Lækurinn rennur í **Innravatnið** (112), sem tilheyrir Hjarðarbóli og áin rennur úr, en vestan megin við Kaldalæk eru sléttar

harðvellisgrundir, sem heita **Bárarháls** (113) og spölkorn utar og vestar af Innrvatni er annað vatn, sem heitir Ytravatn. Tilheyrir það Bár. Austan við Innrvatnið og niður með ánni, er mjög blaut stargresismýri, sem heitir **Vatnamýri** (114). Næsta holt ofan við hana heitir **Torfholt** (115). Þar var þurrkað heytorfið meðan þess þurfti með. Þar upp af komu **Skriðuhryggir** (116), sem liggja frá Kúlunni niður og norður að ánni og harðvellisgrasbrekkur með lynggeirum á milli. Austan við þá koma svo **Sauðbólín** (117), fagur friðsæll hvammur norðan við Kúlurnar og austur að **Rauðuskriðu** (118), sem ber nafn sitt af rauðlituðu grjóti og járnmenuðu.

Úr Sauðbólunum blasa við í norðurátt: Steinahlíð, Steinahlíðarhaus, Kálfadalur, Skarðsgata, Smaladys (E), sem getið er um í formálssögu Hjarðarbóls, og austast Hyrnan, sem að framan frá heitir Eyrarfjall.

12. kafli – Barðið, Kúluskriða, Smaladys (Þ).

Barðið (119) er norðan við túnið og samlagast **Kúluskriðu** (120) og neðst við hana standa rústir, sem heita **Siggahús** (121), gömul fjárhús. Niður af þeim mótast fyrir **Barðréttinni** (122), gamalli fjárrétt síðan um aldamót. Norðaustur og neðar á Barðinu er **Smaladys** (Þ123), sem getið er hér í formálssögu.

Það má heita bein lína af Húsahól í Hyrnuna. Ca. 100 m eru út á Barðið frá bænum. Barðið er lágvaxið þúfnagraslendi, með miklu berjalyngi og berjaland gott. Nú er búið að rækta það upp í sléttan völl út að smaladysi. Norðan við og niður að ánni er samliggjandi þúfnabreiða lyngi vafin, sem heita **Barðmóar** (124). Fyrir ofan götuna, sem liggur út á Hálsinn frá Kúluskriðu út að Rauðuskriðu, eru háir og stórir lyngmóar, sem heita **Kúlumóar** (125). Þar er oft góð berjatínsla.

Þá er ég búinn að loka hringnum um örnefnastaðhætti á Hjarðarbóli.

Skráð í Reykjavík í mars 1981

Karl Kristjánsson

[sign.]

Stafrófsskrá örnefna

Á milli Odda 85	Hjarðarbólsoddi 78
Árbrekkur 73	Hornabali 29
Árós 74	Hrossasteinn 34
Barðið 119	Húsabali 33
Barðmóar 124	Húsahóll 18
Barðrétt 122	Húsalækur 30
Bárargil 96	Húsatún 32
Bárarháls 113	Hörðumýri 67=66
Berjageiri 48	Innravatn 112
Bíldssnös 77	Innri-Kúlubrún 104
Brattigeiri 102	Kaldilækur 111
Brunnhús 31	Kálgarðurinn 21
Bugur 62	Kjóamýri 26
Bæjargil 2	Klakksgil 88
Bæjarhóll 1	Klakkshaus 92
Bæjartröð 6	Klakkskinn 89
Efrifoss 75	Klakksskarð 44
Efrihóll 13	Klakkstjörn 93
Efri-Traðarflöt 10	Klakkstöxl 86
Eyrargata 61	Klakkur 43
Eyjarlækur 60	Klakkur 49
Eyarnar 58	Klakkur, Nyrðri- 46
Fjarrétt 28	Klakkur, Syðri- 45
Flekkugeiri 50	Korngarðar 98
Fremraholt 54	Kringlumýri 66=67
Fremranef 37	Kúla 97
Föstuflöt 25	Kúlubrekka 99
Garðflöt 20	Kúlubrún, Innri- 104
Gilbotn 101	Kúlubrún, Ytri- 105
Gilsbakki 4	Kúlufllöt 16
Grásteinn 110	Kúlugil 100
Grænhóll 55	Kúlukinn 103
Gvendarflöt 17	Kúlumóar 125
Harðihóll 12	Kúluskriða 120
Háabrekka 106	Langabrekka 108
Heimraholt 57	Langholt 56
Heimranef 36	Lágkúlur 109
Heimriflóí 53	Lindin 22
Heimrilág 41	Lönguflatir 15
Hestalág 40	Markið 51
Hestasteinn 7	Marksflói 52
Hestatráðir 5	Marksgil 47
Hjarðarbólsá 3	Miðaftansvarða 87

Millinefja 38
Mosar 107
Móflöt 11
Móholt, Nyrðra- 65
Móholt, Syðra- 64
Mómýri 63
Neðrifoss 76
Neðri-Traðarflöt 19
Niðurtún 9
Nyrðra-Móholt 65
Nyrðri Klakkur 46
Oddabrekkur 71
Oddabörð 70
Oddagata 72
Oddaholt 68
Oddakampur 79
Oddalág 82
Oddalækur 69
Oddastapar 83
Oddatá 84
Oddatjörn 80
Oddi 81
Peningalág 42
Rauðaskriða 118
Sauðból 117
Siggatóft 24
Siggahús 121
Skipanaust 23
Skriða 59
Skriðuhryggir 116
Smaladys Þ123
Stekkjaborði 35
Stekkur 39
Stórfiskaflet 14
Stöðull 27
Syðra-Móholt 64
Syðri-Klakkur 45
Torfholt 115
Traðarflöt, Efri- 10
Traðarflöt, Neðri- 19
Tröllagil 94
Tröllatungur 95
Upptún 8
Urðarhaus 91
Urðir 90
Vatnamýri 114

Ytri-Kúlubrún 105